



LYFIATÆKNAFÉLAG ÍSLANDS

Kringlan 7
103 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 125/1616

Þórnudagur 18.4.2000

Nefndarsvið Alþingis
b.t. Heilbrigðis og trygginganefnd
Þórshamri v/Templarasund,
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 17. apríl 2000
Ábyrgðarbréf

Lyfjatæknafélag Íslands hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lyfjalögum, nr. 93/1994, með síðari breytingum, og lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir á Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999-2000)

Félagið vill gera athugasemdir við 23. grein frumvarpsins er snýr að afgreiðslu lyfja og gera kröfu til þess að veitt verði heimild til þess að lyfjatæknar geti haft með höndum lokaafgreiðslu lyfseðilsskyldra lyfja.

Breytingartillaga.
23.gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 23. gr. laganna:

a. Við 1. mgr. bætast þrjú nýir málslíðir og önnur mgr. fellur út.

Í lyfjabúð skulu á almennum afgreiðslutíma og á álagstímum utan almenns afgreiðslutíma vera að störfum a.m.k. einn lyfjafræðingur og einn lyfjatæknir við afgreiðslu lyfseðla og fræðslu og ráðgjöf um rétta notkun og meðhöndlun lyfja.

Fjöldi lyfjafræðinga og lyfjatækna skal vera í samræmi við umfang starfsemi. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra er heimilt að fenginni umsókn þar um, að leyfa að í lyfjabúð starfi einungis einn lyfjafræðingur enda sé umfang starfsemi lítið og þjálfað starfsfólk sé lyfjafræðingnum til aðstoðar.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra er heimilt að veita lyfjatæknum leyfi til afgreiðslu lyfseðilsskyldra lyfja samkvæmt nánari ákvæðum reglugerðar.

Ef ekki fæst lyfjafræðingur eða lyfjatæknir til starfa í lyfjaútibú getur ráðherra, samkvæmt umsögn lyfjamálastofnunar, veitt ábyrgum umboðsmanni sem lyfsali ræður til þess, takmarkaðan og staðbundin rétt til afgreiðslu lyfja. Einungis skal vera um staðlaðar lyfjapakningar að ræða samkvæmt lista sem er staðfestur af Lyfjamálastofnun eftir tillögu frá héraðslækni og lyfsala.



LYFJATÆKNAFÉLAG ÍSLANDS

Kringlan 7

103 Reykjavík

Rökstuðningur.

23. gr.

Hér er gerð sú krafa að almennt skuli vera lyfjafræðingur og lyfjatæknir samtímis að störfum í lyfjabúð. Einnig skal gert ráð fyrir að nauðsynlegt kunni að vera að tveir eða fleiri séu að störfum samtímis en slíkt ræðst m.a. af umfangi starfsemi, fjölda afgreiddra lyfseðla og afgreiðslutíma.

Kröfum um lágmarksfjölda lyfjafræðinga og lyfjatækna í lyfjabúð er m.a. ætlað að fyrirbyggja mistök við afgreiðslu lyfseðla. Lyfjafræðingum og lyfjatæknum er ætlað að tryggja faglega þætti, gæði og öryggi við hvers kyns afgreiðslu og afhendingu lyfja til sjúklinga, þ.m.t. nauðsynlega lyfjapjónustu og ráðgjöf. Því verður vart komið við nema fjöldi lyfjafræðinga og lyfjatækna endurspegli umfang starfseminnar og fjölda afgreiddra lyfjaávisana.

Á norðurlöndunum hefur þróunin orði sú að lyfjatæknar hafa fengið rétt til afgreiðslu lyfseðilsskyldra lyfja. Íslenskur lyfjatæknir útskrifaður úr Heilbrigðisskólanum v. Ármúla hefur fengið starfsréttindi sem reseptarie í Svíþjóð. Reseptarier hafa réttindi til að afgreiða lyfseðla, sambærileg réttindi og aðstoðarlyfjafræðingur á Íslandi. Í Danmörku geta lyfjatæknar fengið réttindi til að afgreiða lyfseðilskyld lyf.

Á undanförunum árum hefur umhverfi í afgreiðslu lyfseðilskyldra lyfseðla breyst mjög mikið. Í dag eru nánast eingöngu afgreiddar staðlaðar lyfjapakningar. Verðlagning og miðaprentun fer fram í gegnum tölvu, þ.e lyfjaafgreiðsluforrit.

Öryggi við afgreiðslu lyfseðla er að aukast mjög með nýrri tækni. Fljótlega verða ýmis atriði sett inn í lyfjaafgreiðsluforritin s.s. milliverkanir, skammtastærðir og tvískömmtun sem kemur til með að auka enn frekar öryggi í afgreiðslu lyfseðla. Þegar forrit finnur eitthvað athugavert gefur það viðvörðun. Þá er kallaður til lyfjafræðingur sem gefur faglegt mat á hvað á að gera.

Þegar lyfjatæknir hefur með höndum lokaafgreiðslu lyfseðils skal ætíð annar lyfjatæknir koma að afgreiðslu, þ.e um tvöfalt eftirlit er að ræða.

Lyfjatæknafélagið óskar eftir að fá að koma fyrir nefndina til að geta gert betur grein fyrir sjónarmiðum sínum.

F.h. Lyfjatæknafélags Íslands

Sigrún Guðmundsdóttir
Sigrún Guðmundsdóttir formaður

s. 861 5580
vs. 482 3000